

Verðtilfærslusjóður SAM 2022

Í samræmi við heimild í 13. grein laga nr. 99/1993 hafa aðildarfélög SAM gert samning sín á milli um verðtilfærslu milli ákveðinna mjólkurafurða. Framkvæmd og fjárreiður verðtilfærslunnar er í höndum SAM.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt gjöld af sýrðum vörum öðrum en jógúrt, rjóma og sérostum. Greitt er úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, hreinu skyri, smjörva, mögrum ostum (Gouda 17% og Mozzarella), iðnaðarmjólkurdufti, undanrennufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er rekstraryfirlit verðtilfærslusjóðs SAM árin 2022 og 2021:

	2022	%	2021	%
Inngreiðslur:				
Innheimt verðtilfærsla	272.226.618	100,0	275.529.300	100,0
Samtals til ráðstöfunar	272.226.618	100,0	275.529.300	100,0
Útgreiðslur:				
Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva	124.253.213	45,6	124.923.117	45,3
Niðurgreiðsla iðnaðardufts	101.903.385	37,4	95.132.238	34,5
Annað	4.083.398	1,5	4.132.939	1,5
Samtals ráðstafað	230.239.996	84,6	224.188.294	81,4
Innheimt umfram útgreiðslur	41.986.622	15,4	51.341.006	18,6
Afgangur færður til næsta árs	217.147.586	79,8	175.160.964	63,66

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nær óbreytt milli ára. Árið 2022 voru tekjur sjóðsins 42 milljón króna hærrí en útgjöldin og inneign í sjóðnum í árslok 2022 voru 217 milljónir króna.